



08.09.2026

**Bæjarráð - 2504. fundur bæjarráðs
haldinn á bæjarskrifstofu, þriðjudaginn 8. september 2026
og hófst hann kl. 16:15**

Fundinn sátu:

Kristján Jón Guðmundsson, Þorbergur Haraldsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Baldur Smári Einarsson, Guðfinnur Ragnar Jóhannsson, Kristinn Gauti Einarsson og Jóhanna Ósk Halldórsdóttir.

Fundargerð ritaði: Kristinn Gauti Einarsson, Fjármála- og skrifstofustjóri

Dagskrá:

1. Framkvæmdir 2026 - 2606040

Lagt verður fram yfirlit yfir stöðu framkvæmda og fjárfestinga árið 2026, ásamt mati á framvindu verkefna og fjárhagslegri stöðu þeirra. Bæjarráð ræðir stöðu verkefna og næstu skref eftir því sem við á.

Bæjarráð fór yfir stöðu framkvæmda árið 2026. Með hliðsjón af framvindu framkvæmda við Völusteinsstræti var samþykkt að fresta malbikun til vors 2027 og gera ráð fyrir að malbikað verði í maí. Gengið verður frá innkeyrslum við götuna til bráðabirgða fyrir veturinn.

2. Viðaukar við fjárhagsáætlun 2026 - 2606041

Lögð er fram endurskoðuð framkvæmdaáætlun 2026. Viðaukinn felur í sér uppfærslu framkvæmdaáætlunar og samræmingu við samþykktar framkvæmdir og fjárfestingar.

Bæjarráð felur fjármálastjóra að leggja fram viðauka með tilfærslum á milli verkefna miðað við frestun á malbikun á Völusteinsstræti, malbikunar á athafnarsvæði hafnarinnar og vegna framlaga úr fiskeldissjóði. Um er að ræða óverulega breytingu á upphæðum.

3. Fjárhagsáætlun Bolungarvíkurkaupstaðar 2027 - 2608013

Lögð fram greinargerð um forsendur fjárhagsáætlunar Bolungarvíkurkaupstaðar fyrir árin 2027-2031. Forsendurnar taka meðal annars til þróunar tekna, launakostnaðar, verðlags og annarra lykilþátta sem liggja til grundvallar fjárhagsáætlunargerð sveitarfélagsins.

Bæjarráð samþykkir framlagðar forsendur fjárhagsáætlunar Bolungarvíkurkaupstaðar fyrir árin 2027-2031 sem grunn að áframhaldandi vinnu við gerð fjárhagsáætlunar. Jafnframt er stefnt að því að gjaldskrár muni almennt ekki hækka árið 2027 og vatns- og fráveitugjöld muni lækka.

4. Aðalfundur Byggðasafnsins 2026 - 2609016



08.09.2026

Lagt fram fundagerð aðalfundar 20026, ársreikningur 2025 og tillaga að endurskoðuðum samþykktum.

Á aðalfundi Byggðasafns Vestfjarða 11. maí 2026 var ársreikningur safnsins fyrir árið 2025 lagður fram, samþykktur og undirritaður. Samkvæmt ársreikningnum nam hagnaður ársins 2,9 m.kr. og rekstrarframlög eigenda námu samtals 42,5 m.kr., þar af framlag Bolungarvíkurkaupstaðar 8,4 m.kr.

Á fundinum var jafnframt fjallað um nauðsynlegar breytingar á samþykktum safnsins vegna atriða sem varða stjórnskipulag og nefndarskipan. Fyrir liggur uppfærð tillaga að samþykktum til umfjöllunar hjá eigendum safnsins.

Málið er lagt fyrir bæjarráð til kynningar og eftir atvikum afgreiðslu.

Erindi kynnt.

5. Stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga 2026-2030. - 2602018

Lögð fram drög að stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árin 2026-2030 sem tekin verða til umræðu á Landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga á Akureyri dagana 23.-25. september 2026. Sveitarfélögum gefst kostur á að koma á framfæri ábendingum og sjónarmiðum um áherslur stefnunnar fyrir landsþingið.

Erindi kynnt.

6. Fundagerðir stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 2026. - 2602001

Lögð fram til kynningar fundagerð 1001. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 28. ágúst 2026. Fundagerðin varðar meðal annars undirbúning landsþings Sambandsins, breytingar á samþykktum þess og önnur sameiginleg hagsmunamál sveitarfélaga.

Fundagerðin er lögð fram til kynningar.

Erindi kynnt.

7. Erindi frá Náttúruhamfaratrygging Íslands - 2609002

Lagt fram erindi frá Náttúruhamfaratryggingu Íslands, dags. 27. ágúst 2026, þar sem sveitarfélög eru minnt á ákvæði 16. gr. laga nr. 55/1992 um mögulega skerðingu eða synjun bóta vegna tjóns á mannvirkjum sem reist eru á svæðum þar sem náttúruvá er fyrirfram þekkt. Erindið lagt fram til kynningar.

Erindi kynnt og jafnframt vísað til kynningar í umhverfisnefnd.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:00